


RALV1RT03	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 01		
Dags.: 19.02.2020		
Höfundur: BGH/MAG		
Sampykkt: ÓSI		
Síða 1 af 2	RALV1RT03	Verkefni 6.

Teikniverkefni 2, eldhúsið heima hjá ykkur.

Í þessu verkefni eigið þið að teikna upp mynd af eldhúsinu heima hjá ykkur, staðsetningu rofa, tengla, ljósa og tækja sem og greinaskiptingu.

Það sem þið þurfið að hafa í huga eru:

Greinar fyrir ljós og tæki.
Hæð á rofum og tenglum.
Staðsetning.

Einnig eigið þið að finna orkuþörf þeirra tækja sem eru gjarnan í eldhúsi s.s..


Helluborð / eldavél.	P = _____	I = _____	U = _____
Ofn	P = _____	I = _____	U = _____
Vifta	P = _____	I = _____	U = _____
Örbylgjuofn	P = _____	I = _____	U = _____
Uppþvottavél	P = _____	I = _____	U = _____
Ísskápur	P = _____	I = _____	U = _____
Brauðrist	P = _____	I = _____	U = _____
Blandari	P = _____	I = _____	U = _____
Vöflujárn	P = _____	I = _____	U = _____
Samlokugrill	P = _____	I = _____	U = _____
Hrærivél	P = _____	I = _____	U = _____
Annað	P = _____	I = _____	U = _____
Annað	P = _____	I = _____	U = _____

Þið megið ráða því hvort þið teiknið á blað eða í tölvu en í báðum tilvikum verður teikningin að vera vönduð, beinar línur, falleg tákn og frágangur allur til fyrirmyndar. Gott er að byrja á því að gera uppkast að teikningunni og fín teikna svo á eftir.

Teikningin þarf ekki að vera í kvarða, en við viljum að hún sé c.a. í réttum hlutföllum.

Algengar stærðir eru t.d. bekkplötur 60 cm á breidd. Hæð á bekk 90 cm. Hæð á rofum og tenglum 110 cm. Hæð á tengli fyrir uppþvottavél 70 cm. Ef flestir tenglar eru t.d. í 110 cm hæð þarf ekki að merkja hæð á þeim. Það kæmi fram í skýringum að hæð væri 110 cm nema annað væri tekið fram.

Þegar þið hafið lokið verkefninu skilið þið því í skilahólf og einnig fer það í ferilmöppuna ykkar.

RALV1RT03	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 01		
Dags.: 19.02.2020		
Höfundur: BGH/MAG		
Sampykkt: ÓSI		
Síða 2 af 2	RALV1RT03	
	Verkefni 6.	

Hér er dæmi af eldhúsi. Við viljum að ykkar teikningar séu sambærilegar við þessa. Það er að segja, teiknaðar í réttum hlutföllum, greinaskipting komi fram, hæðir á tenglum og dósam. Við förum ekki fram á að þið kannið nákvæmlega hvernig rör liggja á milli dósam, bara að það sem er saman á grein sé sýnt með röllum og vírafjöldi tekinn fram. Ekki þarf að setja fjölda víra á grein frá töflu.

